

ÁRSPING BSÍ 2024

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Inda Hrönn Björnsdóttir	Fundur nr. :	
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	FÁ
	Dagsetning:	24.3.2024
	Frá kl.:	17:30
	Til kl.:	19:00

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Þingsetning</u> Matthías Imsland (MI), framkvæmdastjóri BSÍ, bauð gesti velkomna og setti þingið. Að tillögu MI var Inda Hrönn Björnsdóttir skipuð fundarstjóri og Sigurður Páll Steindórsson fundarritari.
2	<u>Kjörbréf</u> Kjörbréfanefnd var kosin einróma. Ólafur Steinason, Rúnar Einarsson og hallveig Karlsdóttir. Skilaði kjörbréfanefnd skýrslu að lögleg kjörbréf væru fyrir 28 atkvæði af 37.
3	<u>Skýrsla framkvæmdastjóra og stjórnar</u> MI fór yfir starfsemi sambandsins frá síðasta þingi og ýmis önnur mál. Í kjölfarið sköpuðust nokkrar umræður um bridgekennslu í skólum, spilamennsku eldri borgara og fyrirkomulag opinberra styrkja.
4	<u>Skýrslur formanna fastanefnda</u> Farið var yfir störf helstu nefnda á vegum BSÍ á síðasta ári en lítið óvænt kom upp. Formaður meistarastiga- og heiðursmerkjanefndar, Ómar Olgeirsson, las upp þá spila sem flest meistarastig fengu á síðasta ári.
5	<u>Ársreikningur</u> MI fór yfir ársreikning síðasta árs. Hagnaður varð af rekstrinum í fyrsta skipti í nokkur ár og áætlun fyrir 2024 gerir sömuleiðis ráð fyrir smávægilegum afgangi. Engar umræður voru um ársreikninginn og hann samþykktur einróma.
6	<u>Kosning stjórnar, endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga</u> BN var endurkjörinn einróma sem formaður stjórnar. Nýr í stjórn kemur Dagbjört Hannesdóttir sem hefur verið varamaður. Ólafur Sigmarsson og Anna Guðlaug Nielsen koma ný í varastjórn. Endurskoðandi og skoðunarmenn reikninga endurkjörnir.
7	<u>Árgjöld</u> MI lagði til að árgjald félaga yrði hækkað úr 200 kr. í 205 kr. (hausagjald) og gjald fyrir silfurstigamót yrði hækkað úr 400 kr. í 410 kr. Tillagan var samþykkt.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
8	<p data-bbox="336 259 464 293"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 309 1342 416">Sigrún Þorvarðardóttir flutti tölu um stigagjöf meistarastiga og hvatti til þess að stigagjöfin yrði endurskoðuð sem fyrst. MI tilkynnti að slík endurskoðun væri þegar í vinnslu og tillaga væri væntanleg.</p> <p data-bbox="336 427 1366 535">Eypór Stefánsson vakti athygli á því hversu erfitt væri að halda utan um tölvukerfi fyrir bridgemót úti á landi og hvatti til þess að haldið verði námsskeið fyrir keppnisstjóra á vegum Bridgesambandsins.</p>